Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðabók Félags söluturnaeigenda
# 26. febrúar 1986 til 15. febrúar 1996

Kaupmannasamtök Íslands – Fundargerðir – Félag söluturnaeigenda

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A - Fundargerðir
Askja A-17

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

2. BÓK

EKAHA

FUNDAGERÐABÓK

F.S.E.

26.2.1986 - 1996

Félag söluturnaeigenda.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Félag Söluturnaeigenda

Ár 1986 miðvikudaginn 26 febrúar haldinn aðalfundur í Félagi Söluturnaeigenda í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands í Húsi verslunarinnar kl. 14⁰⁰.

Formaður félagsins Sigþór Sigþórsson setti fundinn og stjórnaði. Hann skipaði fundarstjóra Hrein Sumarliðason og Guðna Þorgeirsson ritara en þeir eru báðir starfsmenn K.Í.

Dagskrá.

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður Sigþór Sigþórsson flutti skýrslu stjórnar. Kom hann víða við, skýrði frá samningum við K.samtökin og fl.
Sagði frá viðræðum við Borgarstjóra um niðurfellingu á kvöldsöluleyfum.
Stjórnin hefur haldið 5 bókaða fundi á starfstímanum.

2. Umræður um skýrslu stjórnar

Viðar Arthursson þakkaði skýrsluna.
Þórarinn Ragnarsson þakkaði skýrsluna og ræddi síðan söluvörur bensínstöðva, en nú eru stöðvarnar síðuga að taka inn kvöldsöluvörur söluturna.
Formaður upplýsti að bensínstöðvarnar greiddu kvöldsöluleyfi.
Guðlaugur Guðmundsson talaði næstur, benti á að málefnin væru ekki komin í höfn. Honum datti í hug að minni sölustaði þyrfti að greiða

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lægri heildsöluálagningu. Síðan ræddi hann verð á gosdrykkjum og páskaeggjum
Auk þess tóku eftirtaldir til máls:
Linda Guðmundsdóttir, Jón Þórarinsson
Guðni Þorgeirsson og Óskar Gunnarsson.

3. Lagabreytingar

Hreinn Sumarliðason fundarstjóri lagði fram endurskoðuð lög fyrir félagið sem stjórnin hafði samþykkt fyrir sitt leiti.
Lögin lesin upp, hver grein fyrir sig og svo lögin í heild og voru þau samþykkt samhljóða.
Lögin límd inn hér í lok fundargerðar.

4. Stjórnarkjör.
Formaður var endurkjörinn Sigþór Sigþórsson

Meðstjórnendur til tveggja ára:
Sigurður Guðjónsson, Magnús Waage,
Hreinn Hjartarson og Páll Garðarsson.

Varamenn til eins árs:
Lovísa Jóhannsdóttir og Jón Þórarinsson

Tveir endurskoðendur.
Hrefna Guðmundsdóttir, Óskar G.H. Gunnarsson

Aðalfulltrúi í Fulltrúaráð K.Í.
Sigurður Guðjónsson
og til vara Páll Garðarsson.



Útbreiðslunefnd.
Margrét Óskarsdóttir
Kolbrún Sævarsdóttir.
Viðar Arthúrsson
Magnea Tómasdóttir
Óskar G.H. Gunnarsson

5. Önnur mál

Eftirtaldir ræddu málin:
Guðlaugur Guðmundsson
Þorleifur Valdimarsson
Þórarinn Ragnarsson
Hreinn Sumarliðason.
Óskar G.H. Gunnarsson en hann óskaði eftir því að skrifað væri bréf til Borgarstjórnar þar sem farið væri fram á að leyfi bensínstöðva yrðu afturkölluð
Guðlaugur Guðmundsson óskaði eftir því að stjórnin hefði samband við Ölgerðirnar í sambandi við verðlista

Í lokin þakkaði formaður traust það sem honum var sýnt með endurkosningu. Ræddi hann síðan verðlagningu vara og væntanleg störf stjórnar.

Hreinn Sumarliðason
fundarstjóri
Guðni Þorgeirsson
fundarritari.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stöðluð Reykjavík. 26/2 1986

Lög fyrir

1. grein.

Félagið heitir Félag söluturnaeigenda . Skammstafað F.S.E.

2. grein.

Félagssvæði þess ER Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær og Mosfellsveit. Heimilisfang og varnarþing er í Reykjavík.

3. grein.

Tilgangur félagsins er að efla samstarf söluturnakaupmanna á félagssvæðinu, vinna að menningu, sóma, hag og sjálfstæði stéttarinnar og stuðla að því að verslun sé rekin á heilbrigðum grundvelli. Félagið skal vera í Kaupmannasamtökum Íslands og telst það og félagsmenn þess vera í Kaupmannasamtökunum. Félagsmenn eru háðir lögum félagsins og Kaupmannasamtaka Íslands, svo og öllum lögmætum breytingum á þeim, fyrirmælum, reglum og fundarsamþykktum á vegum félagsins og Kaupmannasamtaka Íslands, og skuldbinda sig til að hlíta þeim.

4. grein.

Félagsmaður getur sá orðið, sem rekur verslun á félagssvæðinu. Skal hann senda félagsstjórn skriflega umsókn. Ef meirihluti stjórnar samþykkir inntökubeiðnina telst hann félagsmaður. Ef félagsmaður brýtur gegn hagsmunum félagsins, getur meirihluti stjórnar vikið honum úr félaginu, en leggja skal ákvörðun stjórnarinnar fyrir næsta félagsfund, og þarf 2/3 hluti greiddra atkvæða til þess að brottrekstur sé lögmætur. Hafi félagsmaður eigi haft opna í eitt ár, skal hann tekinn af félagsskrá. Gangi nýjir félagsmenn í sérgreinafélag eða kaupmannafélag innan vébanda K.Í. skal stjórn viðkomandi félags tilkynna það skrifstofu K.Í.





5. grein.

Heimilt er að segja sig úr félaginu frá áramótum að telja með minnst sex mánaða fyrirvara, enda sé félagsmaður skuldlaus við K.Í. Úrsögn skal vera skrifleg og afhendast framkvæmdastjóra og er honum skylt að gefa skriflega viðurkenningu fyrir móttöku hennar sé þess óskað. Þó er óheimilt að segja sig úr eða fara úr félaginu meðan vinnudeila ( verkbann eða verkfall) sendur yfir.
Hætti félagsmaður að versla, fellur iðgjaldsgreiðsla hans niður frá næstu mánaðarmótum að telja.

6. grein.

Stjórn félagsins ákveður árgjöld félagsmanna hverju sinni í samráði við stjórn K.Í. Gjöldin renna óskipt til K.Í. sem annast allan rekstur félagsins.

7. grein.

Stjórn félagsins er skipuð 5 mönnum og tveim til vara. Á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára. Eftir lok fyrsta starfsárs ganga tveir meðstjórnendur úr stjórn eftir hlutkesti, en síðan á víxl árlega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum. Eitt atkvæði fylgir hverri skuldlausri starfsstöð ( búð).

8. grein.

Stjórn félagsins er heimilt að skipa, eða láta kjósa menn í nefndir á félagsfundi til að vinna að einstökum hagsmunamálum félagsins.

9.grein.

Aðalfundur skal haldinn fyrir febrúar lok ár hvert. Skal boða til hans með auglýsingu, eða bréfi með viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað. Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar sé þess óskað.
Eftirfarandi atriði skulu a.m.k. ávallt vera á dagskrá aðalfundar:

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

05

1. Skýrt frá störfum félagsins síðasta starfsár og lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
2. Stjórnarkosningar skv. 7. grein.
3. Kosnir 2 endurskoðendur.
4. Kosninn 1 aðalfulltrúi og 1 varafulltrúi í Fulltrúaráð Kaupmannasamtaka Íslands.
5. Önnur mál.

10. grein.

Stjórnin skal boða til félagsfunda, er ástæða þykir til. Ef 1/5 hluti félagsmanna óskar skriflega eftir félagsfundi um eitthvert mál, skal stjórnin boða til fundar svo fljótt sem verða má.

11. grein.

Breytingar á lögum félagsins má aðeins gera á aðalfundi með samþykkt 2/3 greiddra atkvæða. Lagabreytinga skal geta í fundarboði.

12. grein.

Félaginu verður aðeins slitið á löglegum aðalfundi, og skal geta þess í bundarboði, og þurfa félagsslitin samþykki 3/4 hluta fundarmanna. Ef félaginu er slitið,skulu eignir þess renna renna til Kaupmannasamtaka Íslands, eða annars félags, sem verði hugsanlega stofnað síðar á félagssvæðinu.

13. grein.

Í gjörðabók félagsins skal rita stutta skýrslu um það, er gjörðist á félagsfundunum, einkum allar fundarsamþykktir. Fundargerðirnar skulu lesnar upp í fundarlok og bornar undir atkvæði. Fundarstjóri og fundarritari undirskrifa síðan fundargerðina. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, sem farið hefur fram á fundinum.

14. grein. (sérákvæði).

Með tilvísun í II kafla 3. gr. A laga Kaupmannasamtaka Íslands, heimilast fámennum sérgreinafélögum að kjósa sér 3 manna stjórn í stað 5 manna. Skal þá kjósa formann sér, til eins árs, en meðstjórnendur til 2 ára. Eftir lok fyrsta starfsárs gengur annar meðstjórnandi úr eftir hlutkesti, en síðan á víxl árlega. Tveir varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.





15. grein.

Lög þessi eru stöðluð og samræmd lögum Kaupmannasamtaka Íslands samkvæmt ákvæði 38. gr. laga frá aðalfundi Kaupmannasamtaka Íslands 1985.

Þannig breytt skulu lög þessi lögð fram fyrir aðalfundi sérgreina og Kaupmannafélaga á aðalfundum þeirra 1986.

Samþ. samhljóða á aðalfundi
26/2 1986
[signature]
fundarstjóri
Guðni Þorgeirsson
fundarritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22/4. 1986. Haldinn fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar félagsins.

Mættir voru Sigþór Sigþórsson
Jón Þórarinsson, Sigurður Guðjónsson
Páll Garðarsson, Magnea Waage.
og Lovísa Jóhannsdóttir

1. Verkaskipting stjórnar.
varaformaður: Sigurður Guðjónsson
Ritari: Hannes Hjartarson
Gjaldkeri: Magnea Waage.

2. Rætt um sameiginleg plastpoka kaup. Formaður skýrði frá viðræðum sínum við Plastprent og sýndi ýmsar gerðir og stærðir poka. Það upplýstist að formaður hafði rætt við Plastos en ekki Plastprent. Hinsvegar kom fram spurning um hvort ekki væri rétt að ræða við báða aðila. Samþykkt að formaðurinn haldi áfram athugunum sínum og leyti tilboða.

3. Vörulistinn: Rætt um nýjar vörutegundir á markaðnum og hlutdeild söluturnanna þar í. Hvað um að selja í djúpfr- franskar kartöflur o.fl. o.fl.
Bent var á vöruframboð á bensínstöðvum, í bakaríum og víðar.
Einnig rætt um lokunartíma söluturna.
Engar ákvarðanir teknar.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Önnur mál.
Formaður greindi frá bráðabirgðaviðræðum við forsvarsmenn Nóa Síríus.
Fundarmenn gagnrýndu auglýsingar frá fyrirtækinu um verð á súkkulaði.
Spurt var hvort ræða ætti við Freyju um einhver tilboð.

Einnig rætt um verðlagningu á gosi og verð á tómu gleri sem breyta þyrfti. Þá væri að gler ætti að kaupast inn frá neytendum á krónu lægra verði en það væri selt út á.

Samþykkt að Jón Þórarinsson færi með formanninum til viðræðna v. Freyju h.f.

Rætt um sílækkandi staðgreiðsluafslátt hjá Sól h.f. og talað um að senda þeim bréf í samvinnu við Fél. matvörukaupmanna sem hlýtur að vera á sama báti.

Fleira ekki fyrir tekið
fundi slitið.

Magnús Ármann? ritari.

Sigþór Sigþórsson

Magnús E. Waage
Sigurður? Guðjónsson
Páll Antonsson

Louisa Jóhannsdóttir
Jón Þórarinsson.

# Stjórnarfundur haldinn 4-6. '86.

1. Búið var að tala við Freyju um afslátt af Valensiasúkkulaði um næstu mánaðarmót:
Talað var ~~um~~ við Plastos og Plastprent um plastpoka.
Um litlarumbúðir.

2. Mynst. var á vanda í sambandi við tóbak og er unnið við að leiðrétta það:

3. Talað var um kvöldsöluleyfi.

Hreinn Sigurðsson.
Sigurður Sigfússon
Jón Bjarnason
Páll Gústafsson
Lovísa Jóhannsdóttir
Magnús E. Waage

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur haldinn. 16/9. '86

Mættir. Sigþór. Sigþórsson Jón Þórarinsson

Sigurður Guðjónsson. Lovísa Jóhannsdóttir. Magnea Waage.
~~og Hreinn Hjartarson~~

Talað var um afsdátt frá K samtökum og tekið fyrir. Nýja fyrirkomulagið hjá Vífilfell. mæltis það misjafnlega fyrir.

Talað var um afslátt frá Freyju. Sem á að fara að koma.

Samþykkt var að formað færi á fund forráðamanna Vífilfell. og ræddi við þá um nýja sölufyrirkomulagið hvað mætti ekki laga það.

Ákveðið að formaður félagsins ræði við K-samtökin um framlengingu á samstarfssamningi félaganna, með það í huga að móta honum út úr honum heldur en raun hefur orðið á til þessa.

Rætt um hugsanlega þátttöku félagsins í væntanlegu útboði Kaupmannasamtakanna á plastpokum í okt n.k. Samþykkt að taka þátt í þeim viðræðum.

Fleira ekki fyrir tekið.
Fundi slitið.
[illegible] ritar.
Jón Þórarinsson.

Lovísa Jóhannsdóttir
Sigþór Sigþórsson
Sigurður Guðjónsson
Magnea H. Waage

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20-11-86

Haldinn var fundur hjá stjórn Söluturnafélagsins kl 2 e.h.

Mættir voru Sigurþór Sigurþórsson, Sigurður Guðjónsson Páll Garðarsson, Magnea H. Waage

1. Magnús Finnsson framkvæmdastjóri Kaupmannasamtakanna kom á fundinn og skýrði frá umræðum, sem nýlega urðu í Borgarráði og Borgarstjórn um breyttan lokunartíma verslana þar sem fram kom tilhneiging til þess að gefa verslunartíma frjálsan. Umræður urðu um málið.

Magnús sagði einnig frá fundi sem hann átti með forráðamönnum [illegible], þar sem söluturnum fór fram á lægri álagningu á nýju gosi í dósum.

2. Sigurþór Sigurþórsson skýrði frá því að samkvæmt læknisráði yrði hann að taka sér frí frá öllum félagsmálum næsta hálfa árið, þannig að í hans stöðum tekur á meðan varaformaður Sigurður Guðjónsson.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið

Magnea H. Waage

Sigurþór Sigurþórsson

Sigurður Guðjónsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Stjórnarfundur haldinn 2.12.1986.

Mættir voru: Sigurður Guðjónsson
Magnea Waage
Jón Þórarinsson
Hreinn Sumarliðason
Lovísa Jóhannsdóttir

Fundarstjórn var í höndum (vara)formanns S. G. Tilefni fundarins var 30 ára afmæli samtaka söluturnaeigenda 9. desember n.k. H. S. rakti stuttlega tilurð þessa stofn-dags. Hugmynd hans var að halda upp á daginn með fundarhaldi og kaffiveitingum sem yrði 10. desember þar sem 9. ~~des~~ húsið er upptekið þann 9. Hreinn las upphátt að bréfi til félaga samtakanna varðandi þetta afmælishóf. Uppástunga kom um að veita jólaglögg í stað kaffiveitinga og var það samþykkt, og jafnframt upplesið að bréfi Hreins með ofangreindum breytingum.

Almennt spjallað um frjálsan opnunartíma verslana sem er ofarlega á baugi um þessar mundir.
Nýjar gosdrykkja-umbúðir frá Sanitas þ.e. dósir og álagningarprósenta á leiðbeinandi útsöluverði frá þeim, sem reynist í lægri kantinum, bar einnig á góma.
Jón Þ. kvaðst hafa haft samband við forstj. Freyju varðandi afslátt á vörum þeirra. Tók hann málaleitaninni vel með því skilyrði þó að verslunareigendur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lækkuðu sína álagningu. Málið rætt og sýndist sitt hverjum. Samþykkt að fylgja málinu eftir.

Fleira ekki rætt – fundið slitið.

Lovísa Jóhannsdóttir

Magnus K Waage

Sigurður Guðjónsson

Jón Þórarinsson.

Miðvikudaginn 10 des 1986 var haldinn 30 ára afmælis og félagsfundur félags söluturnaeigenda.

Varaformaður félagsins sem nú gegnir störfum formanns í forföllum Bogþórs Sigþórssonar, er Sigurður Guðjónsson og setti hann fundinn og bauð félaga og gesti velkomna með lipurri ræðu.

Rakti hann upphafið að stofnun félagsins, gat um helsta mál sem þá voru til meðferðar og hverjir völdust í fyrstu stjórn félagsins.

Einnig drap hann á ýmis hagsmuna og velferðar mál sem nú væru framundan og til úrlausnar.

Bar hann síðan fram heillaóskir félaginu til handa, og benti jafnframt

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á að samkvæmt útsendu fundarboði, væri á dagskránni óformlegt almennt rabb og boðið væri upp á jólaglögg og piparkökur. Var svo skálað fyrir félaginu.

Næstur tók til máls varaformaður Kaupmannasamtakanna Guðjón Oddsson, flutti hann kveðju frá formanni KÍ sem því miður gat ekki verið viðstaddur.

Guðjón ræddi um viðhorf KÍ til félagsstarfsins og árnaði svo félaginu heilla í tilefni afmælisins.

Margir tóku til máls með ávörp og heillaóskir ásamt fleiru, þar á meðal Guðlaugur Guðmundsson, Þórarinn Ragnarsson Magnús E Finnsson Hreinn Sumarliðason Lovísa Jóhannsdóttir Jón Þórarinsson Magnea Waage o.fl.

Var mikið rætt þ.á. um lokunartíma og hugsanlegar breytingar á honum, og fjölmargt annað er snertir hinn daglega rekstur. Kl. liðlega 17.00 að loknum 2 klukkustunda ánægjulegum fundi, sleit Sigurður Guðjónsson varaformaður samkomunni með stuttu hvatningar og þakkarávarpi.

Hreinn Sumarliðason ritar.



Stjórnarfundur í F.S.E haldinn 15/1. 1987. kl. 14.00

Mættir voru Sigurður Guðjónsson Sigþór Sigþórsson, Magnea Waage Lovísa Jóhannsdóttir, Páll Gardarsson Jón Þórarinsson einnig Hreinn Sumarliðason sem ritar fundargerð.

1. Formaður Sig. Guðjónsson setti fundinn og stýrði honum. Til umræðu hvenær halda skuli aðalfund félagsins. Ákveðið að hann skuli vera þriðjudaginn 3. febrúar n.k. kl. 14.00
Rætt um tilnefningar til stjórnarkjörs á væntanlegum aðalfundi. Eftirfarandi nöfn komu upp á borðið.
Þórarinn Ragnarsson Sigurður Guðjónsson Lovísa Jóhannsdóttir Páll Gardarsson, Jón Þórarinsson Kolbrún Svavarsdóttir Sigþór Sigþórsson, Hrefna Guðmundsdóttir og Óskar G.H. Gunnarsson. Formanni ásamt Hreini falið að undirbúa og fá samþykki fyrir framboði þessara aðila.
2. Guðm. Þorgeirsson fulltrúi mætti nú til fundarins og gerði grein fyrir væntanlegum breytingum á kjarasamningum VR við KÍ. Svaraði hann fyrirspurnum stjórnarmanna. Heilmiklar umræður urðu um málið.
3. Rætt um ólögð kvöldsöluleyfi, og viðbrögð við því, aðgerðum frestað. Fundi slitið.

Hreinn Sumarliðason ritar

Sigurður Guðjónsson
Magnea H. Waage
Lovísa Jóhannsdóttir
Páll Gardarsson
Jón Þórarinsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur F.S.E. haldinn 3. febrúar 1987 kl. 14.00

1. Formaður fél. Sig. Guðjónsson sagði fundinn settan og valdi Hrein Sumarliðason til fundarstjórnar.
Þá flutti formaður skýrslu stjórnar. Minntist hann meðal annars á samskipti félagsins og K-samtakanna þar sem árangur hefði ekki skilað sér, en skyldi þó freistað þess að gera aðra tilraun til að ná hagkvæmum innkaupum.
Kvöldsöluleyfið var einnig til umræðu í ræðu formanns og kom fram sú skoðun hans að ekki bæri að fara fram á niðurfellingu þess gjalds fyrr en opnunartíminn yrði gefinn frjálst.
Kvatti formaður til frekari samstöðu félagsmanna.

2. Orðið laust

3. Kosningar
Stungið upp á Sigurði Guðjónssyni til formanns; einróma samþykkt
Tillaga um einn mann í aðalstjórn í eitt ár í stað Sig. Guðj. og var Jón Þórarinsson einróma kjörinn.
Lovísa Jóhannsdóttir og Páll Harðarson voru kjörin til 2ja ára í aðalstjórn
Kolbrún Svavarsdóttir og Óskar G.H. Gunnarsson kjörin í varastjórn til 1 árs.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©

Endurskoðendur voru kjörnir þau
Hrefna Guðmundsdótt. og Birgir Helgason.

Aðalfulltrúar í Fulltrúaráð KÍ
voru kjörnir Sigþór Sigþórsson og
Páll Garðarsson.

Aðalfundarfulltrúar voru kjörnir:
Óskar G. H. Gunnarsson
Guðlaugur Guðmundsson
Kolbrún Svavarsdótt.
Konráð Adolfsson

Fyrir í stjórn var Magnea Waage.

4. Guðlaugur Guðmundsson hvatti sér hljóðs og þakkaði form. f. góða skýrslu en kvað baráttumálin ekki h. verið mörg. Fjallaði um kvöldsöluleyfið og br. forsendur og rannar að miklu leyti brostnar fyrir gjaldi því sem leyfinu fylgir. Fannst réttara að gjald þetta miðaðist t.d. við veltu viðkomandi staðar og óskaði eftir því að stjórnin beytti sér í þessu máli. Þá kom Guðlaugur inn á fjölda og fjölgun söluturna sem væri ekki við unað lengur og engum til góðs. Hvatti hann eindregið til frekari samstöðu og að félagið sýndi af sér meiri kraft og snerpu.



5. Fyrirspurn kom um hversu hátt þetta gjald f. kvöldsöluleyfi er og hversu margir félagarnir eru. Hreinn kvað 63 félaga hafa verið á skrá um áramót. Árgjald leyfisins er kr. 36.000.-
Almenn umræða um þessi mál.

Formaður tók aftur til máls og sagði: það skoðun sína að ekki bæri að mótmæla greiðslu kvöldsöluleyfis að svo stöddu þ.e. á meðan umræður um opnunartíma eru á viðkvæmu stigi. Jafnframt gæti gjaldið hugsanlega dregið e-ð úr ótímabærri fjölgun söluturna.

Almenn umræða um söluturna í dag stöðu þeirra og leyfisveitingar í sambandi við þá. Sú tillaga kom fram að skilda ætti söluturnaeigendur til að ganga í samtökin.

Fram kom að verslunarleyfi er ekki í höndum allra þeirra sem reka söluturna. Leyfisveitingin því í molum.

Fundarmenn lýstu yfir áhuga á að borgaryfirvöldum yrði sent bréf varðandi breytta innheimtuhátt kvöldsöluleyfis eða niðurfellingu.

Almennt fjallað um stöðu samtakanna

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hvort ekki sé tímabært að rísa upp
og sýna baráttuhug.
Þá þyrfti að auka á aðdráttarafl félagsins
þannig að söluturnaeigendur fyndu hag
í því að vera í samtökunum.
Almennar umræður.

Fleira ekki gert
– fundi slitið.

[illegible]
fundarstjóri

Lovísa Jóhannsdóttir
Magnea H. Waage
Sigurður Guðjónsson



Ár 1987 þriðjudaginn 24 febrúar var haldinn
fyrsti fundur í nýkjörinni stjórn félags söluturna-
eigenda. Fundurinn var haldinn á skrifstofu K.Í.
Formaður félagsins Sigurður Guðjónsson setti fundinn
og stjórnaði honum.
Tekið var fyrir
I Stjórnin skipti með sér verkum þannig.
Jón Þórarinsson varaformaður, Louisa Jóhannsd. ritari
Magnea Waage gjaldkeri og Páll Gústafsson meðstjórnandi.
II Rætt um Lottó um umboðslaun, fyrirhöfn við Lottóið
og fleira í því sambandi.
III Rætt um að fylgjast með magni í hverri pakningu
frá Sælgætisgerðum, því að í ljós hefur komið
að misbrestur er á að fullt magn sé í pakningum.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Jón Þórarinsson
Sigurður Guðjónsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur í F.S.K. haldinn 7.10.1987 kl. 14.00.

Mættir voru Sigurður Guðjónsson, Hreinn Sumarliðason, Sigþór Sigþórsson, Páll Barðarsson, Jón Þórarinsson, Magnea Waage, Kolbrún Svavarsdóttir og undirrituð.

1. Formaður Sig. Guðjónsson setti fundinn. Kvöldsöluleyfi var fyrst á dagskrá og gaf hann Hreini orðið.
Upplýsti hann fundarmenn um að skv. nýjustu upplýsingum hans hefði engin ákvörðun um breytingu á kvöldsölu leyfisgjaldi verið tekin þ.e. leyfi þarf til að reka verslun e. kl. 22 á kvöldin til kl. 7 næsta morgun og greiða ber fyrir það leyfi (kr. 36.000.- á ári).
Hins vegar er talið fært nú til að fjalla á um breytingu v. næsta árs.
Fram kom í máli Hreins að ekki er vörulistinn úr sögunni því Borgarráð mun taka ákvörðun um hann.
Ofangreindar upplýsingar hafði Hreinn frá Gunnari Eydal.
Fundarmenn voru að vonum mjög óhressir með fyrrgreinda meðferð þeirra mála og þessa óþolegu mismunun sem virðist mörkast af því f. og fremst af ~~því~~ að söluturnum er heimilt að versla til kl. 23.30

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en nú mun öllum frjálst að hafa opið til kl. 22. Verðum við því einu aðilarnir sem ber að greiða kvöldsöluleyfi hér eftir sem hingað til.
Almenn umræða um málið.
Páll kom fram með þá tillögu að nú riti Félag Söluturnaeigenda Borgarráði harðort bréf v. kvöldsöluleyfisins og jafnframt um leiðréttingu þess, að vörulistinn verði lagður niður.
Málið rætt vítt og breitt og gildi þess fyrir F.S.E. að vera í Kaupmannasamtökunum.

Magnús Finnsson kom á fundinn til að upplýsa fundarmenn um atkvæðatölu á fulltrúaráðsfundi sl. vor, um opnunartíma verslana. Kom fram í máli hans að Kaupm.samtökin hefðu á þeim fundi lagt til að gefa afgr.tíma frjálsan til reynslu í eitt ár og þá f. og fremst í ljósi frjálsræðis í verslun í nágrannabyggðarlögum. Sú tillaga var samþykkt. — Töluverður hiti í fundarmönnum og fannst þeim hlutur þeirra f. borð borinn.

Vörulistinn var ræddur ítarlega og sýndist sitt hverjum og flestum að e.t.v. yrði lítill ávinningur í rýmri lista. Að lokum var sú ákvörðun tekin að fresta því máli til næsta fundar.



Ályktað var jafnframt að senda Borgarráði bréf þar sem óskað er eftir niðurfellingu kvöldsöluleyfisgjaldsins.

Fram kom að almennur fundur um staðgreiðslukerfi skatta verður haldinn e. mánaðamót.

Fleira ekki gert - Fundi slitið

Hevíra Jóhannsdóttir

Páll Gústafsson
Magnús H. Waage
Kolbrún Svavarsdóttir
Sigurður Guðjónsson
Sigþór Sigþórsson
Jón Þórhallsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur í Félagi Söluturnaeigenda haldinn 30. nóv. 1982 kl 2 e.h.

Mættir voru Sigurður Guðjónsson, Steinn Sigvaldason, Sigþór Sigþórsson, Jón Þórarinsson, Ilbrún Svavarsdóttir, Magnús Finnsson og Magnús A Waage

1. Magnús Finnsson tók til máls um leyfisgjöld þau sem söluturnaeigendur hafa orðið að greiða. Hann sagði að Borgarráð hefði tekið málið fyrir, en vísað því til Fjáröflunarnefndar til athugunar, því að þeir vilja ekki missa þessar tekjur, en vilja athuga hvort hægt er að ná þeim á annan hátt.

2. Umræður voru um álagningarprósentu á vörur, sérstaklega á tóbaki. Sigþór Sigþórsson lagði til að álagning á því yrði hækkuð úr 16.5% í 25% vegna hækkandi rekstrarkostnaðar. Einnig kom tillaga um að staðgreiðsluafsláttur yrði hækkaður úr 3% í 5%. Samþykkt var að skrifa Fjármálaráðuneytinu um þetta mál

3 Vörulistinn:

Magnús Finnsson skýrði frá því að hann hefði ásamt Gunnari Eydal sett saman nýjan vörulista, þar sem taldir voru vöruflokkar sem virðist vera rýmri en sá sem í gildi hefur verið. Fundarmenn voru nokkuð ánægðir með hann.

4. Fram kom að matvöruverslanir hafa haft opið í óleyfi á sunnudögum. Þær verslanir sem það

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafa ekki verið kærðar.

5. Launamál.
Sigurður Guðjónsson sagði frá óánægjuröddum hjá söluturnaeigendum með miklar hækkun launakostnaðar, sem varð meiri ~~hjá~~ í vaktavinnu (50-60%) en hjá öðrum, sem greiða að mestu dagvinnu. Fram kom að ekkert liggur fyrir með breytingar á því á næstunni.

6. Guðni Þorgeirsson kom á fundinn. Hann sagði frá samtölum við gosdrykkjaverksmiðjurnar í sambandi við verðlagningu á gosdrykkjum, en verksmiðjurnar gefa út lista með verði, sem er hærra en lágmarksálagning krefur. Fundarmenn voru óánægðir með þessa útgefnu verðlista, en vilja ráða álagningunni sjálfir, þar sem hún á að heita frjáls.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið

Magnús H. Waage

Sigurður Guðjónsson    Jón Þórarinsson

Sigþór Sigþórsson

Kolbrún Svavarsdóttir



Stjórnarfundur í Félagi Söluturnaeigenda haldinn 26. janúar '88

Mættir voru: Sigurður Guðjónsson, Hreinn Sumarliðason, Sigþór Sigþórsson, Jón Þórarinsson og Lovísa Jóhannsdóttir.

1. Formaður tók til máls og kvað þennan fund aðallega hugsaðan sem undirbúningsfund fyrir aðalfundinn 3. febrúar nk.
Ræddi síðan um kvöldsölugjald sem er nú verið að innheimta þ.e. 18.000.- f. hálft ár. Sagði hann að þetta mál brynni þungt á félagsmönnum.
Hreinn rifjaði upp að í haust sendum við bréf til Gunnars Eydals. Eini sjáanlegi árangurinn af þeim bréfaviðskiptum virðist sá að gjald þetta hefur ekki hækkað frá síðasta ári.
Sigþór stakk upp á að allir segðu upp kvöldsöluleyfum sínum og högudu opnunartíma eftir eigin vild þar sem eftirlit með opnunartíma virðist ekkert vera af hálfu Borgarráðs. Eru þó brögð að því að menn hafi verslanir sínar opnar á sunnudögum án leyfis.
Lagði hann til að Borgarráði yrði sent bréf á þessum nótum.

2. Guðni Þorgeirsson kom á fundinn og svaraði fyrirspurnum varðandi afgreiðslutíma í Kópavogi og kom fram að sérstakt leyfi þyrfti f. sunnudagsopnun þar.
Ákveðið að biðja Magnús Finnsson að h. samband við Gunnar Eydal v. kvöldsöluleyfisgjaldið vegna fyrrgr. bréfanna.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

D. varðandi álagningu á gosi og ~~[illegible]~~ misjafna sölu-
hætti verksmiðjanna. Guðni hafði samband
við Sanitas en þar var fátt um svör.
svör. Fundarmenn mjög óánægðir með lista v.
leiðbeinandi útsöluverð á gosi sem verksmiðjurnar
gefa út þar sem álagningin er allt
ofan í 20%.
Ákveðið að hafa samband við ölverksmiðjurnar
og biðja um breytingu á þessum listum
þ.e. að lágmarksálagning verði 30%.

3. Fram kom að skv. reglunum eiga
Magnea Waage og Jón Þórarinsson að ganga
úr stjórn.
Tillaga um að endurkjósa Jón Þórarinsson
og falast eftir Kolbrúnu Svavarsdóttur
í aðalstjórn sem nú er í varastjórn.
Tillaga um Sigþór Sigþórsson í varastjórn

Almennt spjallað um staðgr. afslætti
og viðskiptamál. Tillaga kom fram
um að fá Hallgrím sölustjóra, hjá
Vífilfelli á stjórnarfund e.t.v. í næsta
mánuði.

Fundi slitið,
Louisa Jóhannsdóttir

Sigurður Guðjónsson Jón Þórarinsson

Sigþór Sigþórsson

# Aðalfundur 1988.



Ár 1988 miðvikudaginn 3 febrúar kl. 14^00
haldinn aðalfundur í Félagi söluturnaeigenda
í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands
í Húsi verslunarinnar.
Formaður félagsins Sigurður Guðjónsson setti fund
og valdi Hrein Sumarliðason til fundarstjóra og
Guðna Þorgeirsson til fundarritara.

Þá var gengið til dagskrár og fyrir tekið.

1. Skýrsla formanns.

Formaður flutti skýrslu sína og ræddi mörg mál
sem stjórnin hefur verið að vinna að svo sem.
umboðslaunagreiðslur fyrir Lottohappdrættið,
greiðslu fyrir kvöldsöluleyfi, afgreiðslutíma verslana,
gildi Kaupmannasamtaka Íslands fyrir hinn
almenna kaupmann og félaga í K.Í. álagningu á
tóbaki og opnun nokkra matvöruverslana á sunnudögum.
Hann hvatti síðan félagana til að halda á lofti
hvatningu til þeirra sem standa fyrir utan samtökin
um að vera með og að félagar standi þétt um
hagsmuni sína.
Nokkur umræða varð um skýrsluna.
Guðlaugur Guðmundsson taldi að ekki hafi verið
gert nóg til þess að mótmæla kvöldsöluleyfinu.
Ræddi síðan sölu matvöruverslana um jól og
niðurboð á vörum sem aðallega seldust í
kvöldsölum og hvað væri til úrbóta.
Guðni svaraði spurningum um nýmjólkursölu í
söluturnum og kvöldsöluleyfisgjald.
Hreinn benti á að sent hafi verið bréf til Borgarstjórnar
í nafni samtakanna og félagsins þar sem

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kvöldsöluleyfisgjaldinu hafi verið mótmælt og óskað eftir niðurfellingu á því.

2. Stjórnarkosning. Formaður til eins árs.
Stungið var uppá Sigurði Guðjónssyni til formanns. Einróma samþykktur.
Tveir menn í aðalstjórn til tveggja ára
Tillaga um 2 menn í aðalstjórn til 2ja ára
Kosnir voru Jón Þórarinsson og Kolbrún Svavarsdóttir.
Kosning í varastjórn
Tillaga um 2 menn í varastjórn
Eftirtaldir hlutu kosningu: Sigþór J. Sigþórsson og Guðlaug Steingrímsdóttir.

Aðalfulltrúar í Fulltrúaráð K.Í. voru kjörnir Sigþór J. Sigþórsson og Jón Þórarinsson.

Endurskoðendur voru kjörin Hrefna Guðmundsdóttir og Birgir Helgason, Sölut. Óðinsgötu 7.

3. Önnur mál.
Hreinn Sumarliðason flutti hvatningarávarp og ræddi ýmsa þætti sem snerta hag hins frjálsa kaupmanns. Benti hann á ýmis mál sem K.Í. er að vinna að og þar sem náðst hefur árangur.
Sigurður formaður þakkaði traust það sem honum hafði verið sýnt. Þakkaði orð Hreins og Guðlaugs og hvatti félaga til samvinnu en með henni næst árangur.
Hreinn benti á að samtökin héldu ýmis námskeið fyrir félagsmenn. Hann upplýsti að formaður félagsins hafi tekið þátt í nýloknu félagsmála-námskeiði. Hann hafi ekki getað mætt í síðasta tíma og þá ekki fengið afhent skírteini eða diplomu.



sem hann síðan afhenti honum fyrir hönd samtakanna

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.
Guðni Þorgeirsson
Fundarritari.

P.S. Fyrir í stjórn eru Louisa Jóhannsdóttir og Páll Garðarsson.

Hreinn Sumarliðason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur í Félagi söluturnaeigenda haldinn 29. febrúar 1988

Mættir voru: Sigurður Guðjónsson, Hreinn Sumarliðason, Sigþór Sigþórsson, Páll Garðarsson og Lovísa Jóhannsd.

1. Þar sem þetta er fyrsti fundur stjórnar eftir aðalfund var fyrsta verkefni hennar að skipta með henni verkum.
Niðurstaða: Jón Þórarinsson, varaformaður
Kolbrún Svavarsdóttir, gjaldkeri
Páll Garðarsson, meðstjórnandi
Lovísa Jóhannsdóttir, ritari.
~~Sigþór Sigþórsson~~

2. Kvöldsöluleyfið; ekkert nýtt varðandi það mál skv. upplýsingum Guðna sem kom á fundinn.
Hreinn kom inn á kúlutríó þ.e. vinninginn sem hljóðar upp á coca-cola að andvirði 105.- sem verslunareigendur eru að vonum óánægðir með því ekki eru allir sem selja 1½ líter af coca-cola á 105.-.
Guðni hafði samband við viðkomandi aðila og varð að samkomulagi að verslunareigendur fengju það fyrir gr. vinningsmiða sem varan væri ella seld á í versluninni en innan hóflegra marka þó.
Guðni sagði einnig að skv. upplýsingum hans frá Gunnari Bydal að hún ætti

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eftir að útskýra málið þar varðandi kvöldsölu-
leyfið.
Álit manna var það að erfitt yrði að fá
þessu breytt við yrðum líklega að sætta
okkur við óbreytt gjald í ár frá því í
fyrra þ.e. kr. 36.000.-.
Sjálfsalar með góðgæti börn á götum en þeir eru komnir
víða í fyrirtæki og við verslanir allan sólar-
hringinn.

Sigþór lagði til í frh. af verðkönnuninni
sem gerð var á dögunum að kallað yrði
á Magnús Finnsson og hann beðinn að kanna hjá viðsk.ráðuneyti ~~[illegible]~~
~~þá~~ hvort réttlætanlegt sé að bera saman verð í
söluturni og ~~[illegible]~~ stórmarkaði því við
borgum kvöldsöluleyfi, höfum lengri opnunartíma
og að stór hluti sölu okkar er tóbak með
ca 12% álagningu.
Magnús upplýsti fundarmenn um að réttast
væri að hafa samband við Georg, verðlagsstjóra,
varðandi umrædda könnun.
Menn voru sammála um að mál málanna
varðandi slíkar kannanir væri að ekki yrðu
bornar saman ólíkar verslanir eins og
söluturn og stórmarkað.
Magnús ætlaði að reyna að ná í fulltrúa
okkar í verðlagsráði til að koma í veg
fyrir endurtekningu á slíkri könnun þ.e.
milli ólíkra verslana.
Magnús kom máli þessu áleiðis til verðlags-
stofnunar.

Fundi slitið
Lovísa Jóhannsdóttir



Páll Gústafsson
Sigurður Guðjónsson
Sigþór Sigþórsson

Sameiginlegur fundur stjórna F.S.E — AMR — og F.K. var haldinn fimmtudaginn 19/5. 1988.

Jón Júlíusson formaður FK setti fundinn og stjórnaði honum.

Fyrir var tekið

1. Megn óánægja með útgáfu verðlista hjá gosdrykkjaverksmiðjunum sem skammta verzlunum með því sölulaun. Heil miklar umræður fóru fram. Eftirtaldir aðilar mættu:

| | | |
|---|---|---|
| Máni Ásgeirsson, | verzl. | Ásgeir |
| Hörður Jónsson. | — | Breiðholtskjör |
| Sigurður Guðjónss. | sölut. | Grendarkjör. |
| Sigþór J. Sigþórsson | — | Rofabæ |
| Jón Þórarinsson | — | Þverbrekku |
| Kolbrún Svavarsdótt. | — | Sogaver |
| Lovísa Jóhannsd. | — | Staldrið |
| Friðjón Edvardsson | verzl. | SS. Glæsibæ |
| Sigurður Gunnarsson | — | Hólagarður |
| Steingrímur Jónsson | — | Straumnes |
| Jón Júlíusson — | — | Nóatún — |
| Guðni Þorgeirsso — | | KÍ. og |
| Hreinn Sumarliðason | | KÍ. |

Allir fundarmenn tóku þátt í umræðunum sem snérist auk framangreinds efnis um fjölmargt annað svo sem kartöflu-verð – kjúklingaverð – pylsuverð, fjálsa álagningu léttara að vinna með plast umbúðir heldur en gler. verðlagningu markaðanna, um verðkannanir verðlagsstofnunar



um verðlista frá sælgætis framleiðendum um sjálfsala með gos þar sem álagningin væri sko önnur en á verðlistum. um álagningu á tóbaksvörur sem væri undir sannanlegum rekstrarkostnaði og svo um nýafstaðið verkfall V.R.

Samþykkt var að fela KÍ að skrifa bréf til gosframleiðenda og árétta rækilega áður fram komnar óskir um að framleiðendur hætti að gefa út verðlista.

Beri það ekki árangur þá verði forsvarsmenn þeirra boðaðir til funda í KÍ og krafan endurtekin.

Hreinn Sumarliðason Ritar.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur í F.S.E. haldinn mánudaginn 13.6. 1988. í húsnæði KÍ.

Mættir voru: Sigurður Guðjónsson, Sigfús Sigfússon, Jón Þórarinsson

einnig Hreinn Sumarliðason sem ritar fundargerð og Guðni Þorgeirsson, skrifstofustjóri.

Formaður félagsins setti fundinn og stjórnaði honum. Fyrir var tekið:

1. Alltaf eru að koma nýjir og nýjir skafmiðar og útgefendurnir skammta okkur 10% sölulaun. Þess utan er það nýjasta að við eigum að dreifa 190 þúsund ½ litra flöskum af kóki í vinninga. Guðni upplýsti að hann hefði rætt við menn hjá Hjálparsveitunum sem staðfesti að þeir ætluðu ekki að ákveða sölulaun á gosi fyrir sölustaðina.

   Ákveðið að senda öllum sex útgáfuaðilunum bréf í nafni félagsins og vekja athygli á vaxandi ólagi í söluturnunum út af skafmiðasölunni og að nauðsyn beri til að endurskoða gildandi sölulaun til sölustaðanna. Skrifstofu KÍ falið að útbúa bréfið.

2. Vegna fundarins sem haldinn var 19. maí sl. þá las Guðni upp bréf sem KÍ hafði samið, að tilmælum fundarins, og senda skyldi gosframleiðendum.

   Textinn sem fylgir a bréfið verður þá undirritað og sent.

3. Önnur mál: Formaður sagði frá upphringingu frá sölut. Bræðraborg. Kópavogi. Kvartaði samstöðu söluturna gegn vaxandi þjónustu frá Vífilfelli.

   Fundarmenn könnuðust ekki við það nema að þeir „geymdu" ekki lengur dósanir. Umfjöllun frestað.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Hreinn Sumarliðason, ritari.

Sigurður Guðjónsson
Sigfús Sigfússon
Jón Þórarinsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur í F.S.E var haldinn fimmtudaginn 1. des. 88 kl. 14⁰⁰ í húsnæði K.Í.

Mættir voru: Sigurður Guðjónsson Jón Þórarinsson, og Sig. Þór J. Sigþórsson

einnig Hreinn Sumarliðason sem ritar fundargerð.

Formaður setti fundinn og stýrði honum. Fyrir var tekið

1. Kynnt var erindi Óskars Gunnarssonar í Sjóbúðinni; varðandi sölu á samlokum ofl. í Granda fiskverkuninni.
Vörurnar voru seldar á heildsöluverði og þetta taldi hann sér vanséð. Ljóst væri að Grandi greiddi niður kostnaðinn með því að leggja til húsnæði, ljós, hita og starfsmenn.
Málið rætt fram og aftur.
Fram kom að svipað mál hefði borist til FMR og FK vegna starfsemi hjá Eimskip í Faxaskála. Þeirra niðurstaða varð að hætta aðgerðum og sjá til
Það var álit stjórnarinnar að hugsanlega myndu kvartanir til yfirstjórnar Granda og vitneskja í framhaldi af því hjá starfsfólkinu um kvörtun, verða til þess að gera illt verra. Ákveðið að bíða og sjá til um þróunina.



2. Sigurður sagði frá símtali frá Úlfari Ágústssyni á Ísafirði, sem bar sig illa undan litlum sölulaunum fyrir lottó seðlana. Lottóinu hafði verið skrifað, en enginn árangur hafði náðst. Upplýst var af Guðna Þorgeirs að bréf hafi verið skrifað, en líklega ekki til lottósins, heldur skrapmiðafyrirtækjanna - engin svör.
Rætt um að ítreka málið og skrifa lottóinu, óska eftir bréflegu svari.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið
Hreinn Sumarliðason, ritar.

Sigurður Guðjónsson  Jón Þórarinsson

Sigþór Sigþórsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur í F.S.Í. var haldinn miðvikudaginn 4. ~~desember~~ janúar 1989 kl. 14⁰⁰ í húsnæði K.Í.

Mættir voru; Sigurður Guðjónsson, Sigþór Sigþórsson, Kolbrún Svavarsdóttir, Hreinn Sumarliðason og Lovísa Jóhannsdóttir

Formaður setti fundinn og kvað aðalefni hans væntanlegur aðalfundur félagsins 11 janúar nk. Hreinn las uppkast að fundarboði sem var samþykkt.
Á fundinum þarf að kjósa um 3 nýja aðila í aðalstjórn; formann, 2 til tveggja ára og einn til eins árs ásamt tveimur í varastjórn.
Tillaga gerð um Sigurð í formannssæti til eins árs enn og fleiri tillögur raddar.

Plastpokagjaldið sem rennur að hluta til til landverndar var til umræðu og var það mál manna að félagsmenn F.S.Í. þyrftu að innheimta þetta gjald.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið.
Lovísa Jóhannsdóttir

Sigurður Guðjónsson
Kolbrún Svavarsdóttir
Sigþór Sigþórsson



# Aðalfundur 1989.

Ár 1989 miðvikudaginn 11. janúar kl. 14⁰⁰ haldinn aðalfundur í Félagi söluturnaeigenda í húsakynnum K.Í. í Húsi verslunarinnar.
Formaður S.G. bað Hrein Sumarliðason að sjá um fundarstjórn og undirritaða um fundarritun og sagði fundinn settan.

1. Fundarstjóri kvað fundinn lögmætan og las upp fundarboðið. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla formanns.
Formaður flutti skýrslu sína og rakti fundi stjórnar á sl. ári og þau mál sem efst höfðu verið á baugi; pokinn v. skrapmiða og lottó, verkfall, þjónusta hjá Vífilfelli, gosdrykkjasjálfsala, breyttur opnunartími kvöldsöluleyfi o. fl.
Harmaði formaður hve fáir væru virkir í þessu félagi og hvatti fólk til frekari virkni.

Orðið var laust og vakti einn fundarmanna, Ingvi Sigþórsson, athygli á nauðsyn þess að hafa gott eftirlit með þeim vörum sem settar eru inn frá Vífilfelli; málið rætt.
Einnig spannst umræða um Kreditkort og þeirri mismunun sem farið er að bera á varðandi þau eða öllu heldur fólkum.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Inntaka nýrra félaga.

3. Stjórnarkosning
Formaður skal kjörinn til eins árs.
Tillaga kom um Sigurð Guðjónsson og var það samþykkt samhljóða
Tillaga um 2 aðila til tveggja ára i Lovísa Jóhannsdóttir og Óskar G. H. Gunnarsson samþykkt samhljóða.
Tillaga um Guðlaugu Steingrímsdóttur í stað Jóns Þórarinssonar í aðalstjórn til eins árs; samþykkt samhljóða.
Kolbrún Svavarsdóttir mun að auki sitja eitt ár enn í aðalstjórn.
Í varastjórn voru kjörnir; Páll Harðarson og Sveinbjörn Kristjánsson til eins árs.
Endurskoðandi var kjörinn Hrefna Guðmundsdóttir
Einn aðalfulltrúi í fulltrúaráð K.Í. var kjörinn; Lovísa Jóhannsdóttir og Kolbrún Svavarsdóttir varafulltrúi.



4. Orðið laust.
Guðlaug ræddi um misbrest á bankakortum þar sem orðið hefði á fölsun þeirra og verslunareigendur borið skaðann af.

Formaður kvaddi sér hljóðs. Tjáði hann fundarmönnum að h. hefði fengið upplýsingar frá Stöð 2 varðandi Kreditkort, og fyrirspurnir (þ.e. hvort við [illegible]) þar að lútandi. Taldi hann það tæpast hagkvæmt f. söluturna að taka við kortum.
Fjallaði hann um lottómálið og þá umbun sem fengist fyrir þá sölu, sem væri hverfandi lítil.
Þá kom hann að því hvernig ölframleiðendur hefðu sniðgengið okkur en aukið afsláttinn til stórmarkaða.

Sveinbjörn upplýsti fundinn um að 5-6 aðilar hefðu tekið sig saman og farið á fund lottó-manna og krafist hærri prósentuþóknunar. Bíða þeir nú eftir svari og undirbúa frekari aðgerði ef nauðsyn krefur.

Fyrirspurn kom varðandi þóknun til Kreditkorta sem mun vera 3% hjá okkar félagsmönnum en mun vera 1% hjá matvöruverslunum og stórmörkuðum.
Spurning vaknaði hvort ekki væri hægt að hvetja menn til að vera í félaginu með einhverri vinnu t.d. lækkunar þóknunar til Kreditkorta. Hreinn kvað þetta mál á

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dýrinni á mörgum vígstöðvum og uppi væri sú hugmynd að korthafi myndi bera kostnaðinn í stað verslunarinnar.
Fjörugar umræður spunnust um beinan ávinning af því að vera í félaginu.

Aðalfundur samtakanna mun verða 9. apríl nk. á Akureyri.

Fleira ekki gert - fundi slitið.

Lovísa Jóhannsdóttir.
Kolbrún Svavarsdóttir
Andrés Guðlaugsson
Ingvi Kristinsson
Sveinbjörn Kristjánsson
Auðlaug Steingr.
Sigurður Guðjónsson
Hreinn Sumarliðason. fundarstj.



Stjórnarfundur í F.S.Í. haldinn 21. febrúar 1989 kl. 14⁰⁰ í húsnæði K.Í.

Mættir voru Sigurður Guðjónsson, Óskar Gunnarsson Hreinn Sumarliðason og Lovísa Jóhannsdóttir

1. Aðalmál fundarins var verkaskipting stjórnarinnar.
Varaformaður var kjörinn Lovísa Jóhannsdóttir og ritari var kjörinn Kolbrún Svavarsdóttir.

Formaðurinn og Hreinn viðuðu í nýliðinn formannafund þar sem fjallað var um hvort æskilegt væri að öll sergreinafélögin sameinuðust öll undir einn hatt. (þ.e. K.Í.)

2. Annað mál fundarins var kjör tveggja aðila á aðalfund samtakanna sem haldinn verður 8. apríl á Akureyri.
Kjörnir voru Páll Garðarsson og Sveinbjörn Kristjánsson og mun þeim tilkynnt það.

3. Hreinn lagði fram bréf til K.Í. frá Borgarstjóra ásamt erindi Gunnars Hydals og Signýjar Sen varðandi starfsleyfi myndbandaleiga.
Í bréfinu frá borgarstjóra kom fram sú samþykkt borgarráðs "að video-leigur verði háðar starfsleyfi" og að þær "falli undir afgreiðslutíma verslana."
Engar athugasemdir komu fram. Lovísa Jóhannsdóttir

Sigurður Guðjónsson
Erla G. H.
Hreinn Sumarliðason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1989, mánudaginn 6. nóvember kl. 20:30 var haldinn sameiginlegur fræðslufundur Fél. matvörukaupmanna, Fél. kjötverslana og Fél. söluturnaeigenda.

Á dagskrá var umfjöllun um virðisauka-skattsreglurnar sem á að taka upp um næstu áramót.

Fundargerð er skráð í sameiginlega fundargerðarbók Fél. matvörukaupmanna og Fél. kjötverslana og vísast til hennar.

Guðni Þorgeirsson ritari,

Hreinn Sumarliðason, fundarstjóri



Stjórnarfundur FES. haldinn þriðjudaginn 13. febr 1990 kl 14.00

Formaður stjórnar setti fundinn og stjórnaði honum.

Fyrir var tekið

1. Undirbúningur aðalfundar félagsins. Tillaga um að halda hann fimmtud. 22 febr. n.k. kl 14.00. Samþykkt.

Rætt um hin ýmsu hagsmunamál félagsins – vítt og breitt.

Þess var óskað að Sveinbjörn Kristjánsson gefi kost á sér í formannskjör á næsta aðalfundi og féllst hann á það.

Ábendingar komu fram um þá Ingva Sigfússon, Arna B. Eiríksson, Gunnlaug Gunnlaugsson og Andrés Guðlaugsson sem hugsanlega stjórnarmeðlimi. Ákveðið að kanna undirtektir.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Hreinn Sumarliðason ritar.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Aðalfundur 1990.

Ár 1990 fimmtudaginn 22 febrúar kl 14⁰⁰ haldinn aðalfundur í Félagi söluturnseigenda í húsakynnum K.Í. í Húsi verslunarinnar.
Formaður setti fundinn og bað Hrein Sumarliðason að sjá um fundarstjórn og Guðna Þorgeirsson að rita fundargerð.
Fundarstjóri kvað fundinn löglegan, þar sem löglega hafði verið til hans boðað.
Síðan var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla formanns.

Formaður Sigurður Guðjónsson rakti störf félagsins Á starfsárinu voru haldnir fjórir bókaðir fundir.
Auk þeirra hefur formaður eða fulltrúi félagsins setið fjóra fundi í fulltrúaráði K.Í og einnig sótti formaður aðalfund K.Í sem haldinn var á Akureyri í apríl sl.
Formaður sat fundi með formönnum ríkisskattstjóra um framkvæmd virðisaukaskattsins auk viðræðufund með formönnum Félags matvörukaupmanna og Félags kjötverslana og að auki fundi með starfsmönnum K.Í. en þeir hafa verið tilbúnir til hverskonar aðstoðar eftir því sem þurft hefur.
Á liðnum vetri var rætt um að sameina öll sérgreinafélögin í Reykjavík í eitt allsherjar kaupmannafélag.
Hugmyndin var rædd talsvert, en ekki hefur orðið af framkvæmd.
Rætt hefur verið við formenn Félags matvörukaupmanna og Félags kjötverslana um hugsanlegt samstarf þessara þriggja félaga. Fullur vilji er til samstarfs um sameiginlega hagsmuni t.d sölu á gosdrykkjum og einnig innkaupum og sölu sælgætis o.fl. í þeim dúr.
Þannig er opin leið til að halda sameiginlega stjórnarfundi vegna slíkra mála, en hugmyndin um frekari samvinnu eða sameiningu bíði hinsvegar seinni tíma.
Félagsgjöld K.Í eru í endurskoðun og verða hinar nýju reglur kynntar innan skamms, en þar munu verða nokkru hagstæðari fyrir félagsmenn.
Ýmis mál hafa verið til meðferðar hjá félaginu og heildarsamtökunum og má þar nefna m.a.:
Endurvinnsla gosdósanna og tilheyrandi söfnun þeirra
Sjálfsalavæðingu.
Endurnýjun og endurgerð tryggingasamninga v/ VÍS.
Kolaportið.
Skattlagning verslunarhúsnæðis o.fl.
Í öllum þessum sviðum hefur verið reynt að gæta hagsmuna félagsmanna.
Formaður þakkaði síðan samstarfsmönnum og starfsliði K.Í fyrir gott samstarf.

Engin umræða fór fram um skýrslu stjórnar og var því gengið til stjórnarkjörs.

Sigurður Guðjónsson baðst undan endurkjöri í formannsstarfið og var Sveinbjörn Kristjánsson kosinn formaður, en hann er kaupmaður í Bræðraborg í Kópavogi
Meðstjórnendur til eins árs voru kosin:
Sigurður Guðjónsson og Kolbrún Svavarsdóttir.

Meðstjórnendur til tveggja ára voru kosin:
Árni Bergur Eiríksson og Gunnlaugur Gunnlaugsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í varastjórn voru kjörnir:
Andrés Guðlaugsson og Guðlaug Steingrímsdóttir.

Endurskoðandi var endurkjörinn Hrefna Guðmundsdóttir.

Aðalfulltrúi í fulltrúaráð K.Í. var kjörinn
Sigurður Guðjónsson og Kolbrún Svavarsdóttir til vara

Önnur mál.
Nokkur umræða varð um ávísanamisferli og
upplýsti Guðni Þorgeirsson að núna standa yfir
viðræður við Seðlabankann og Rannsóknarlögreglu
um þessi mál, sem vonandi bæru árangur í að
lagfæra þau.

Rætt um samkaup á öli og gosdrykkjum til að
fá afslátt á verði.
Ákveðið að stjórnin taki málið fyrir á næsta
fundi.

Rætt um um sölu á blöðum, lottó og skafmiðum
og ákveðið að tekið verði vel á þeim málum.

Samþykkt að ráða formann leggi fyrir á
næsta fundi og verði hún þá tekin fyrir og
sadd lið fyrir lið.

Fráfarandi formaður óskaði nýkjörnum formanni
og félaginu velfarnaðar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.
Guðni Þorgeirsson fundarritari.
Hreinn Sumarliðason fundarstjóri.



Stjórnarfundur í FES var haldinn
fimmtudaginn 5. apríl 90 kl. 15[00]

Mættir voru Sveinbjörn Kristjánsson, Sigurður
Guðjónsson, Andrés Guðlaugsson, og Hreinn Sumarliðason
sem ritar fundargerð.

Nýkjörinn formaður félagsins Sveinbjörn Kristjánsson
setti fundinn og stýrði honum.

Fyrir var tekið.

1. Verkaskipting stjórnar.
A: varaformaður: Árni Bergur Eiríksson.
B: Ritari : Kolbrún Svavarsson.
C: gjaldkeri: Sig. Guðjónsson.
D: meðstjórnandi: Gunnlaugur Gunnlaugsson

2. Rætt um sitt hvað sem snertir rekstur
söluturna. t.d. hvort hægt væri að fá lista
yfir þá sem greiða kvöldsöluleyfi?
um vöruframboð á bensínsölustöðum og rætt um
að halda annan fund fljótlega með betri mætingu.
Rætt um betra afslátt hjá Vífilfelli h/f á Coc. og
kjör sem þeir bjóða, einnig um tóbaksviðskipti.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið
Hreinn Sumarliðason, ritari

Sveinbj. Kristjánsson
Andrés Guðlaugsson
Sigurður Guðjónsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur F.S.E. haldinn 20/4.90 í húsnæði K.Í. kl. 13.00

Mættir: Sveinbjörn Kristjánsson, form. Birgir Eiríksson og Gunnlaugur Gunnlaugsson — einnig Guðni Þorgeirsson og Hreinn Sumarliðason sem ritar fundargerð.

Fyrir var tekið

1. Bréf borgarstjórans í Rvk. með beiðni um umsögn K.Í. um ósk söluturnsins að Starmýri 2. um tímabundið leyfi til mjólkursölu á kvöldin.

Afrit bréfsins verður límt inn hér á eftir.

Guðni Þorgeirsson kynnti aðdraganda málsins og vilja formanns K.Í. að fá fram skoðun stjórna félagsmanna í FMR F.K. og F.S.E.

Málið rætt fram og aftur. Engar ákvarðanir teknar, en talað um að hittast aftur n.k. mánudag til frekari skrafs og ráðagerða, og þá jafnframt talið æskilegt að ræða við stjórnir FMR og F.K. Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Hreinn Sumarliðason fundarritari

Sveinbj. Kristjánsson
[illegible]
[illegible]



BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. apríl 1990
GE/KK

Kaupmannasamtök Íslands,
b.t. hr. framkv. stj. Magnúsar Finnssonar,
Kringlunni 7,
Reykjavík.

Á fundi borgarráðs í gær var lagt fram bréf framkvæmdastjóra Heilbrigðseftirlits Reykjavíkurborgar frá 19. þ.m. varðandi umsókn um leyfi til mjólkursölu í kvöldsölu að Starmýri 2.

./. Borgarráð samþykkti að vísa erindinu til Kaupmannasamtaka Íslands.

Davíð Oddsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sameiginlegur fundur stjórna FSE – FMR – og FK. haldinn 24.4.90 kl. $11^{00}$ fh.

Formaður FK. [illegible] stýrði fundinum. Fyrir var tekið að veita umsögn til framkvæmdastjórnar KÍ um bréflegt erindi frá söluturninum um Starmýri 2. Rök um leyfi til mjólkursölu á kvöldin.

Stjórnirnar þrjár voru sammála um að mæla ekki með leyfisveitingunni. og að framkvæmdastjórn KÍ verði tilkynnt þessi niðurstaða.

Innfært hér að lokinni bókun í sameiginlega fundargerðarbók FMR og FK.

[illegible]
fundarritari



Ár 1990.

Stjórnarfundur FSE haldinn 23 október í húsnæði K.Í. kl. $13^{30}$

Mættir: Formaður Sveinbjörn Kristjánsson, Sigurður Guðjónsson, Árni B. Eiríksson, Andrés Guðlaugsson og Kolbrún Ævarsdóttir.

Auk þess sat Guðni Þorgeirsson fundinn og ritaði fundargerð.

Fyrir var tekið:

1. Upplýsingar um tillöguflutning Sigrúnar Magnúsdóttur borgarfulltrúa um að gefa afgreiðslutímann frjálsan í Reykjavík.

Málið rætt ítarlega.

Ákveðið að boða til almenns félagsfundar um málið. Fimmtudaginn 25. n.k. kl $20^{30}$

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson ritari.

Sveinbjörn Kristjánsson

Sigurður Guðjónsson

Andrés Guðlaugsson

Árni Bergur Eiríksson

Kolbrún Ævarsdóttir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1990 fimmtudaginn 25 oktober kl 20,30 haldinn almennur fundur í Félagi söluturnaeigenda í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands.
Allir söluturnaeigendur voru hvattir til að mæta.

Formaður, Sveinbjörn Kristjánsson setti fundinn og skipaði Guðna Þorgeirsson fundarstjóra og Sigurð Guðjónsson fundarritara.

Þá var gengið til dagskrár og fyrirtekið:

1. Umræða um framkomna tillögu í Borgarstjórn um breyttan opnunartíma verslana í Reykjavík.

Framsögu hafði Árni Bergur Eiríksson. Hann útskýrði málið og greindi frá skoðun stjórnar og lagði síðan fram drög að ályktun, þar sem tillögunni er eindregið mótmælt og skorað á borgaryfirvöld að falla algerlega frá þeim breytingum sem lagðar eru til um breyttan opnunartíma verslana.

Sigrún Magnúsdóttir kaupmaður og borgarfulltrúi tók til máls og rakti og skýrði hversvegna hún hafi komið fram með tillögu um breyttan opnunartíma. Núverandi reglugerð hefur verið í gildi í 3 ár. Hún hefur starfað í samvinnunefnd um umferðar- og skipulagsmál, en þar hafa verið borgarlögmaður og lögreglustjóri. Hún taldi að reglugerðin hafi verið sífelt brotin af kaupmönnum. söluturnaeigendum og nú síðast af borgaryfirvöldum, með því að leyfa mjólkursölu í söluturnum. Ennfremur sagði hún að Ríkissaksóknari treysti sér ekki til að afgreiða kæru um lokunartímamál og lögreglan kæmi sér undan að taka á málinu. Þar að auki væru nágranna sveitarfélögin komin með frjálsan opnunartíma, en það yki á erfiðleika okkar.

Miklar umræður urðu um málið og tóku margir til máls. Sigrún svaraði mörgum fyrirspurnum, en eins og staðan er núna má búast við því að tillagan verði samþykkt.

Síðan var gengið til atkvæða um ályktunina sem Árni Bergur Eiríksson hafði lagt fram og var hun samþykkt samhljóða með einni breytingu.

2. Önnur mál.

Danilíus gerði að umtalsefni vöruval og vörumeðhöndlun á bensínstöðvum. Talið eðlilegt að stjórnin kynnisér málið. Síðan var rætt um tékkamisferli, kreditkort og gjöld til KÍ. Ennfremur samskifti við heildverslanir og framleiðslufyrirtæki og þá sérstaklega við Vífilfell h/f.
Ákveðið að stjórnin óski eftir viðræðum við forráðamenn fyrirtækisins, til þess að færa viðskiptin í eðlilegt form.

Á fundinum bættust við þrír nýir félagar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 22:50.

Sigurður Guðjónsson
fundarritari



Mánudaginn 11. febr. 1991. var haldinn stjórnarfundur í FSE.

Mættir voru: Sveinbjörn Kristjánsson Sigurður Guðjónsson Kolbrún Ívarsdóttir Andrés Guðlaugsson Árni Bergur Eiríksson og Hreinn Sumarliðason sem ritar fundargerð

Fyrir var tekið

1. Hugmyndir um sameiningu sérgreina félaga.
Málin rædd fram og aftur. Allir stjórnarmenn tjáðu sig. Meirihluti stjórnar, vill fresta hugmyndum um sameiningu og reyna fyrst til hlítar að efla félagið sjálft til átaka.

2. Rætt um tímasetningu aðalfundar. Ákveðið að boða hann 19. febrúar kl 20.30

3. Lagt fram bréf NS. varðandi rétt neytenda til þess að fá endurgreidd gler sem það hefir greitt í peningum fyrir.
Stjórnin er andvíg því að endurgreiða í peningum og mælir með viðhaldi þeirrar vinnureglu að teknar séu vörur út á.

4. Önnur mál. Rætt um næturstjórn o.fl.
Fleira ekki fyrirtekið, fundi slitið.

Sveinbjörn Kristjánsson    Hreinn Sumarliðason ritari
Andrés Guðlaugsson
Sigurður Guðjónsson
Árni B. Eiríksson
Kolbrún Ívarsdóttir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur F.S.E. haldinn þriðjudaginn 19. febrúar 1991. kl. 15[00] í húsnæði K.Í. Rvk.

Formaður félagsins setti fundinn og skipaði Hrein Sumarliðason fundarstjóra og Sigurð Guðjónsson ritara.

Gengið til dagskrár.

Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmætan þar sem löglega væri til hans boðað.

A. Skýrsla stjórnar.

Góðir fundarmenn.

Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn 22. febrúar 1990, eða fyrir rétt tæpu ári síðan.
Á þessum fundi voru eftirtaldir kosnir í stjórn félagsins:

Formaður Sveinbjörn Kristjánsson til eins árs.
Meðstjórnendur til 2ja ára
Árni Bergur Eiríksson og Gunnlaugur Gunnlaugsson, en ásamt þeim sitja í aðalstjórn þau Sigurður Guðjónsson og Kolbrún Svavarsdóttir bæði kosin til þessa aðalfundar nú.

Í varastjórn voru kosin þau Andrés Guðlaugsson og Guðlaug Steingrímsdóttir.
Aðalfulltrúi í fulltrúaráði K.Í. var Sigurður Guðjónsson og til vara Kolbrún Svavarsdóttir og endurskoðandi Hrefna Guðm.dóttir

Frá aðalfundi í fyrra og til þessa hafa verið haldnir 6 bókaðir fundir þar af einn almennur félagsfundur og einn sameiginlegur stjórnarfundur með stjórn Félags matvörukaupmanna.

Auk þessara funda hefi ég og eða fulltrúi félagsins setið fulltrúaráðsfundi K.Í. eftir tilefni og getu hverju sinni, en samtökin héldu m.a. ráðstefnu að Hótel Örk í apríl sl. með yfirskriftinni "Vöruverð á Íslandi".

Ýmis málefni hafa verið til umfjöllunar á þessu starfsári, þar má t.d. nefna:

vöruframboð á bensínstöðvum
brettaafslátt hjá Vífilfelli
tóbaksviðskipti



- 2 -

bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík varðandi mjólkursöluleyfi handa kvöldsölu að Starmýri 2, Rvk, og sameiginlegt svar okkar og stjórnar Félags matvörukaupmanna við því erindi.

Þá var fjallað um tillögur um að gefa afgreiðslutímann frjálsan, fyrst á stjórnarfundi en síðan var haldinn almennur félagsfundur um málið. Síðan hefir verið fjallað um tékkamisferli, kreditkort, samskipti við heildverslanir og áfram hefir verið rætt um hugsanlega sameiningu sérgreinafélaga í Rvk.

Það mál verður sérstaklega rætt undir þriðja tölulið dagskrárinnar hér á eftir og því ekki fjölyrt um það nú, en þó framkvæmdastjórn K.Í. mæli með sameiningu, þá höfum við í þessari stjórn komist að þeirri niðurstöðu að sameining sé ekki tímabær.

Þá er þess að geta að nýjar reglur um félagsgjöld til K.Í. tóku gildi í mars, apríl sl. og eru iðgjöld þau allra lægstu sem þekkjast meðal atvinnurekenda, samtaka, eða 1.500,- kr. á mánuði fyrir lítil fyrirtæki sem hafa 1-3 heilsdags starfsmenn. Er þess að vænta að iðgjöldin fæli engan frá þátttöku í félaginu.

Það er samstaða um það í stjórninni eins og áður er komið fram að í stað sameiningar við önnur félög. Þá verði gert átak í að efla þetta félag m.a. með fjölgun félagsmanna í því.
Ég heiti á ykkur öll að standa vel að baki stjórnar og nýs formanns sem kjörinn verður hér á eftir, en ég ætla ekki að gefa kost á mér í embætti formanns næsta starfsár.

Að endingu þakka ég samstjórnarmönnum mínum samstarfið svo og starfsfólki K.Í. hér á skrifstofunni og árna félaginu farsældar í framtíðinni.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að loknum flutningi skýrslunnar urðu almennar umræður um hana og hagsmunamál félagsmanna en síðan tekinn fyrir næsti dagskrárliður

B. Tillaga framkvæmdastjórnar KÍ, varðandi, sameiningu sérgreina félaga innan KÍ

Með tilvísun í bókaða niðurstöðu frá stjórnarfundi 11. febr. s.l. þá flutti formaður F.S.E. svohljóðandi frávísunartillögu.

Stjórn félagsins telur að athuguðu máli ekki tímabært að sameina félagið öðrum félögum og leggur því til að heimildartillögunni verði vísað frá.

Sveinbjörn Kristjánsson

Þessi tillaga var síðan borin undir atkvæði og felld með 2/3 atkvæða.

Þegar þessi niðurstaða var fengin var fyrri tillagan borin upp en hún er svohljóðandi

Aðalfundur félags sölutækjahaldenda haldinn 19/2.91 samþykkir að heimila stjórn félagsins að vinna að sameiningu þess við önnur sérgreinafélög innan KÍ.

Lög félagsins verði í samræmi við núgildandi lög en fyrirvari um skipan fulltrúaráðsins

Þessi tillaga var samþykkt, en fram kom í greinargerðum fyrir atkvæðum, að þar sem helsti talsmaður álits stjórnarinnar frá 11. febr. s.l. sem jafnframt væri væntanlegur oddviti nýrrar stjórnar, og ekki viðstaddur þennan fund, þá væri rétt að árétta að í tillögunni fælist heimild en ekki fyrirmæli.



C. Stjórnarkosning

Formaður var kosinn
Árni Bergur Eiríksson.

Meðstjórnendur til 2ja ára
Sigurður Guðjónsson og
Kolbrún Svavarsdóttir

Meðstjórnendur til 1 árs
Sveinbjörn Kristjánsson → í stað Árna B. Eiríks
og Andrés Guðlaugsson í stað Gunnl. Gunnl. sem er hættur.

í varastjórn
Danelíus Sigurðsson c/o Donald og
Bjarni Ólafsson – Íshöllin

Aðalfulltrúi í fulltrúaráð KÍ
Sigurður Guðjónsson og til vara
Kolbrún Svavarsdóttir

Endurskoðandi
Hrefna Guðmundsdóttir

D. Önnur mál. Fyrirspurn kom um kvöldsöluleyfi og rekstrarleyfi fyrir matvörur v. (sem tilleggja á að vera – VAGN), rætt um ávísanavandamál, um reikningsviðskipti um Sölgætissjálfsala og væntanlegar breytingar á umboðunum erlendis 1992.

Fundarstjóri óskaði nýkjörinni stjórn farsældar og þakkaði fráfarandi.

Fundarritari og fundarstjóri fengu heimild fundarins til að ganga frá fundargerð.

Fundi slitið.

Innfært eftir lausblaðabókum Sig. Guðjónssonar.

Hreinn Sumarliðason, fundarstjóri.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur FSE haldinn miðvikudaginn 13.3.'91 kl. 15.00 í húsnæði KÍ.

Formaður stjórnar setti fundinn og stýrði honum.

Fyrir var tekið:

1. Verkaskipting stjórnar.
A. Varaformaður: Sveinbjörn Kristjánsson
B. Ritari: Kolbrún Svavarsdóttir
C. Gjaldkeri: Sigmundur Guðjónsson
D. Meðstjórnandi: Andrés Guðlaugsson

2. Fundargerð síðasta fundar lesin og málin rædd – starf félagsins vegið og gaumgæft. Reynt að skoða framtíðina í málum sölumannanna, á hlutlausan hátt.
Hvað er hægt að gera og hvað er best. Spurningin um sameiningu eða ekki rædd áfram. Niðurstaðan er að bíða með sameiningarhugmyndir.
Rætt um möguleika á félagafjölgun og á stofnun innkaupasambands – um kosti og galla og hvað þurfi til.
Samþykkt að fela Sveinbirni Kristjánssyni forystu í nefnd sem kanni möguleika á sameiginlegum innkaupum og síðar innkaupasambandi. Hann taki með sér að eigin vali fjóra menn.

3. Félagafjölgun verði reynd og í tengslum við sameiginlegt hagsmunaverkefni svo



sem innkaup.

4. Fundaaðstaða félagsins rædd og aðstaða þess hér á skrifstofu KÍ.
Enginn hvað það sé sem þurfi til þess að félagsmenn sæki fundi.
Menn sammála um að beinharður peningalegur hagnaður sé það eina sem dragi menn að.
Rætt um að íhuga útbreiðslunefnd.
Hvaða fundartími er bestur, enginn sérstakur – bara boða með fyrirvara.

Fleira ekki fyrir tekið
fundi slitið.
Kolbrún Svavarsdóttir, ritari

Ari B. Eiríksson
Sveinbj. Kristjánsson
Bjarni Ólafsson
Andrés Guðlaugsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn
~~Þriðjudaginn~~ 29.4.1992 var haldinn fundur boðaður af formanni F.S.E. í húsnæði K.Í. og hófst hann kl: 11^00 f.h.

Fundarefni var hvað er hægt að gera til að bæta stöðuna hjá Sölutarnaeigendum.

Formaður K.Í. Bjarni Finnsson bauð menn velkomna og óskaði þess að árangur yrði af fundinum, en hann væri því miður að fara á annan fund og gæti því ekki verið með á þessum.

Formaður F.S.E. tók síðan við stjórn fundarins og [illegible] útlitinu í umgang — þar sem hann kom að starfsemi félagsins hefði lengst af byggst á reglugerð Rvk.borgar um sölutarna en nú væri allt frjálst — við höfum fjárfest mikið í húsnæði o.fl. og spurningin er því hvernig getum við varið stöðu okkar.

Ég er ekki með neinar tillögur allavega ekki í upphafi — en vil hlusta á ykkur og skoða möguleika á sameiginlegum innkaupum.

Síðan er þess að geta að umræður hafa verið í gangi um sameiningu félagsins við F.M.R. en ekki orðið endanleg samstaða um það.



Guðfinnur Kjartansson taldi markmið gott en kæmi um fyrri tilraunir til að reka innkaupafyrirtæki, sýndi að þær hefðu ~~[illegible]~~ mistekist.

Það er ekki á okkar færi að ræða við sameiginlega innkaupastofnun, en ef hægt væri að semja við framleiðendur og eða innflytjendur um betri innkaup — væri það áhugavert.

Daníelína minnti á fund sem haldinn var fyrir ári og vildi sameina félögin og sagðist hafa trú á því.

Talið barst síðan að fyrirtækinu Gripið og greitt. og Erna nefndi að þar verzluðu engir nema þeir sem væru bundnir — þar eru breytingar í farvatninu — en þeir hafa haft hagnað.

Guðm. Snorrason greindi frá samvinnu við Íshöllina sem gengi vel.

Anna Valdimars. ítrekaði hið sama.

Kolbrún Svavarsdóttir, taldi að aldrei hafi myndast nægilega sterkur hópur til að tryggja hagstæð innkaup.

Guðni Þorgeirsson, benti á K-samtökin og þeirra starf og sagðist hafa viðrað þá hugmynd að F.S.E. félagar gætu nýtt sér starf samtakanna.

Kolbrún Svavarsdóttir vakti athygli á fáránleika verðstríðsins og því að fólk væri að bera saman verð hjá sér og í Bónusi.

Anna Valdimarsdóttir, taldi að vel væri hægt að gera ýmislegt án þess að stofna fyrirtæki eins og Gripið og Greitt.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sig. Guðjónsson, sagðist ekkert nýja sér þjónustu Gripið og Greitt, og valdi síðan verðstríðið. Hann spurði. – Hvað er það sem liggur á bak við það að verð á gosi er ódýrara í Stórmörkuðum en til okkar frá framleiðendum.

Þetta er mergurinn málsins, við þurfum að fá betra innkaupsverð.

Guðfinnur Kjartansson sagði hvað höfum við svo sem gert í okkar málum – og vil gjarnan heyra hvað K-samtökin geta gert fyrir okkur – og skoða málið í heild, en ekki bara uppþrefið

Árni segir við getum gert sitt af hverju, ef við stöndum saman og trúum á okkur sjálf.

Anna sagðist ekki trúa því að Böring (hjá Cc) myndi segja nei – ef hann sæi alvöru samstöðu.

Sig. Guðjónsson, fáum sölumannam fund og þennan Böring til að mæta.

Sigrún framkv.stjóri K-samtakanna kom nú á fundinn og að beiðni Guðna Þorgeirssonar greindi hún lauslega frá uppbyggingu og starfi innkaupasamtakanna. Þar kom fram m.a. að hún semur við heildsala og framleiðendur fyrir hópinn um afslátt af innkaupunum. Kaupmennirnir panta síðan hjá henni – hún safnar pöntunum og sendir til seljenda – sem afgreiða vöruna beint í búðina en fá síðan greitt í einu lagi frá Sigrúnu.



Alla nokkrar umræður urðu um þessa starfsemi og hvort hugsanlega gæti fengist samstarf með FSE og K.-inu eða hvort FSE ætti að koma á fót sjálfstæðri starfsemi sem væri hliðstæð við K.-ið. – Sigrún taldi möguleika á samstarfi – Guðfinnur benti á að F.S.E. þyrfti kannski aðra áherslupunkta en K-kaupmenn – t.d. – gos – ís – pylsur.

Árni sagði okkur vantar bara trú á okkur sjálf – Talað var um að ræða við NÓA [?] og öll þessi helstu fyrirtæki í nafni FSE. og skipa nefnd í málið.

Það varð samþykkt og í nefndina voru valin

Árni Bergur Eiríksson form FSE
Anna G. Valdimarsdóttir c/o Allra Best.
og Jónas Guðmundsson skrifstst. hjá Nesti hf

Í lok fundarins skýrði Guðfinnur frá málarekstri sínum gegn lögreglu og dómsvaldi vegna máls er snerti innistæðulausar ávísanir og spurði um viðhorf KÍ.

Guðni Þorgeirsson svaraði og taldi nokkurn misskilning á gæta, varðandi afstöðu KÍ.

Bjarni Ingólfsson spurði um kostnað af félagsaðild hjá KÍ og Guðni Þorgeirsson upplýsti allt um það og sagðist vænta þess að þeir sem ekki væru nú þegar aðilar að félaginu yrðu það hið fyrsta.

Fundinn sátu 9 kaupmenn.

[signature]
ritari

Árni B. Eiríksson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 6. maí 1992 var haldinn fundur á vegum formanns F.S.E. Fundurinn hófst kl. 11^00 f.h. í húsnæði K.Í.

Mættir voru fimm kaupmenn og auk þeirra Guðni Þorgeirsson og Hreinn Sumarliðason.

Formaður F.S.E. Árni Bergur Eiríksson setti fundinn og stýrði honum.

Fyrir var tekið

1. Fundargerð síðasta fundar var lesin og samþykkt með undirritun.

2. Formaður talaði fyrir nauðsyn þess að fjölga félagsmönnum og efla félagið.

Ef við getum myndað sterka samstöðu þá fáum við áheyrn hjá Vífilfelli hf en málið snýst talsvert mikið um verð á Coki til söluturnaeigenda, sem virðist vera hærra til FSE. heldur en útsöluverð stórverzlana til neytenda.

Málin rædd af öllum fundarmönnum, og allir vöruflokkar voru hafðir í sviðsljósinu.

Fundarmenn töldu álitlegast að snúa sér að einum stórum aðila fyrst þ.e. Vífilfelli hf og sjá hvaða árangri mætti ná.

Rætt um að boða Bering sölustjóra og Pál framkv.stjóra hjá Vífilfelli hf til fundar við F.S.E. hér í húsnæði K.Í. og ræða í hreinskilni um viðskiptakjörin.

Ákveðið að drífa í þessu og nefndinni sem kosin var á síðasta fundi, undir forystu Árna, falið finna ásættanlegan fundartíma til fyrsta og boða síðan fundinn, rætt um að allir þeir sem sitja þennan fund verði með, en þau voru:

Jónas Guðmundsson c/o Nesti hf
Anna Valdimarsdóttir – Allra Best
Árni Gústafsson – Bitahöllin
Árni Eiríksson – Biðskýlið v/Suðurg.
og Sveinbjörn Kristjánsson – Bræðraborg.

3. Aðalfundur: Þar sem ekki er útlit fyrir sameiningu félagsins við önnur félög í bili var rætt um að meir en tímabært væri að boða til aðalfundar.

Formaður taldi rétt að hafa formlegan stjórnarfund næstu viku og ákveða þar tímasetningu aðalfundar, en stefnt skal að því að hann verði haldinn í maímánuði.

Fleira var ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Hreinn Sumarliðason, ritari
Árni B. Eiríksson
Sveinbjörn Kristjánsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur F.S.E. boðaður miðvikudaginn 13. maí kl. 11⁰⁰ f.h. í húsnæði K.Í. Húsi verzlunarinnar.

Mættir: Sveinbjörn Kristjánsson, Sigurður Guðjónsson, Andrés Guðlaugsson og Árni Bergur Eiríksson. Einnig Hreinn Sumarliðason sem ritar fundargerð, svo og Guðni Þorgeirsson.

Formaður setti fundinn og stýrði. Fyrir var tekið:

1. Formaður ræddi félagsstarfið og síðustu tilraunir til samstarfs um innkaup.

2. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt með undirskriftum.

3. Rætt um framkvæmd fundar með forstjóra Vífilfells hf sem fyrirhugaður er í næstu viku.

4. Ákveðið að boða aðalfund félagsins 21. maí n.k. kl. 14⁰⁰.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Hreinn Sumarliðason

Sigurður Guðjónsson

Árni Bergur [illegible]

Sveinbj. Kristjánsson

Andrés Guðlaugsson



19.05.1992.

**Fundur Félags söluturnaeigenda og forsvarsmanna Vífilfells hf.**

Mættir: Árni Bergur Eiríksson formaður Félags söluturnaeigenda, Jónas M. Guðmundsson c/o Nesti hf., Anna G. Valdimarsdóttir c/o Allrabest, Páll Kr. Pálsson framkvæmdastjóri Vífilfells hf., Bæring Ólafsson sölustjóri.
Ennfremur sátu fundinn Guðni Þorgeirsson og Hreinn Sumarliðason starfsmenn Kaupmannasamtakanna.

Fundurinn var haldinn að ósk Félags söluturnaeigenda í fundarsal K.Í. og hófst kl. 11:00 f.h. Málshefjandi var Árni Bergur sem bauð fundarmenn velkomna og greindi frá því að hann tali í umboði nefndar sem valin hefði verið úr hópi söluturnaeigenda til viðræðna við forsvarsmenn Vífilfells hf.
Hann sagði m.a. að samstaða hefði aukist mikið meðal söluturnaeigenda að undanförnu vegna aðgerða Vífilfells hf. Margt bæri til en eitt mál stæði uppúr, nefnilega það að ein smásöluverslun í Rvk. seldi Coke á lægra verði til neytenda heldur en kaupmenn ættu kost á að kaupa það frá verksmiðjunni. Hvernig má þetta vera og þetta er í raun óviðunandi ástand. Það er okkar fyrsta spurning og sú sem heitast brennur.
Páll svaraði af bragði, við áttum von á þessari spurningu og bað jafnframt Bæring um að dreifa upplýsingum í súluriti um verð samkvæmt könnun þeirra sjálfra á útsöluverði 2 ltr. Coke og 1 1/2 ltr. Coke hjá stórverslunum, hverfaverslunum og söluturnum. Samkvæmt þessari könnun er meðalútsöluverð á 2ja lítra kr. 174,- lægst er það kr. 127,- og hæst kr. 230,- meðal stærri verslana en meðalverð kr. 217,- og hæst kr. 230,- þegar söluturnarnir eru teknir með. Ennfremur var kynnt könnun varðandi útsöluverð á 1 1/2 ltr.

Þá voru sýnd tvö verðdæmi um hvernig verksmiðjan reiknar verð til verslana eftir magni og greiðslufyrirkomulagi.
Þar kom fram m.a. að lægsta mögulegt innkaupsverð fæst með:

- 9% viðskiptaafslætti
- 16% sértilboði
- 5% gámaafslætti
- 3% staðgreiðsluafslætti

Þegar heildsöluverð 6 st. pakkn. er kr. 858,- og allir afslættir nýttir og síðan bætt við 24.5% virðisaukagjaldi og 600 króna skilagjaldi kemur út verðið 131,41 á flösku.
Þesskonar Coke flaska er síðan seld í tiltekinni smásöluverslun til neytenda á kr. 127,-
Málið rætt fram og aftur.
Páll segir, þegar þessi tiltekna verslun selur á kr. 127,- þá er hún að tapa að yfirlögðu ráði og við getum ekki bannað það.
Árni spyr um lögmæti slíkra viðskiptahátta og undirstrikar um leið, þetta er ekki gott fyrir ykkur og ekki gott fyrir okkur, eigum við þá ekki samleið og hvað um skyldur þeirra sem opna verslun.
Páll: Það er ekkert sem bannar að selja undir innkaupsverði, dæmi frá Atlanta, og það geta

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

- 2 -

allir sem vilja nýtt sér "gámainnkaup"
Bæring vakti athygli á því að langflestir hefðu 5% afslátt og margir 7% svo munurinn færi minnkandi, að söluturnar hefðu aukið hlutdeild sína í heildarsölunni um helming sl. tvö ár.
Jónas spyr, ef þessar tölur eru réttar eruð þið þá ekki að vísa okkur á að gera innkaupin okkar hjá þessu tiltekna smásölufyrirtæki.
Páll: Þó við séum ekki ánægðir með þessa þróun þá getum við ekki bannað "versluninni" að selja á þessu verði, þá fyrst værum við að brjóta lög.
Anna: Kúnninn okkar meltir ekki þá skýringu frá okkur að við þurfum að borga hærra verð verð í verksmiðjunni heldur en, hægt er að kaupa vöruna á hjá umræddri smásöluverslun.
Páll: Við getum ekki neitað um gámasöluna það er ekki lausnin. Hinsvegar getum við unnið með ykkur í þeim vörum sem þið seljið fremur en stórverslanirnar. Við erum í raun tilbúnir að gera hvað sem er, neyslumynstrið hefir breyst, við þurfum að aðlagast því.
Hreinn spyr um skiptingu markaðarins og því er svarað að:

| | |
|---|---|
| stórverslanir selji | 18% |
| hverfaverslanir selji | 26% |
| söluturnar selji | 31% |
| aðrir (veitingahús 12%) | 25% |

Guðni: Vegna umræðna um tiltekna verslun sem selji vörur undir innkaupsverði þá vil ég taka það fram að viðhorf okkar beinist ekki gegn henni enda er hún okkar félagsmaður heldur að hinu að rétta hlut Félags söluturnaeigenda.

Margt fleira bar á góma en saman dregið sýnist mér niðurstaðan vera þessi.
Miðað við framlögð dæmi af hálfu Vífilfells hf. þá eru innkaupamöguleikar verslana breytilegir eftir magni, afgreiðslutilhögun og greiðsluformi.
Þeir eru öllum aðgengilegir, þetta er skýrt.
Það er ekki í valdi framleiðandans að ákveða útsöluverð. Það er hverjum og einum kaupmanni frjálst að selja undir verksmiðjuverði kjósi hann það.
Þetta ástand er hinsvegar óæskilegt og að mati Félags söluturnaeigenda óviðunandi.

Vífilfell hf. vill eiga gott samstarf við Félag söluturnaeigenda, fyrirtækið er að vinna að bættri ímynd með ýmsum hætti. Það vill gera eitthvað sameiginlega með Félagi söluturnaeigenda sem gagnist þeim söluaðila sérstaklega fremur en stórverslunum.
Kannski einhvern leik. Fundurinn var jákvæður og fól það í sér að aðilar hittist aftur til frekari viðræðna.

Hreinn Sumarliðason fundarritari.

Afrit sent framkvstj. - Vífilfells hf. 20/5.92



AÐALFUNDUR F.S.E 1992 var haldinn fimmtudaginn 21. maí í fundarsal K.Í. og hófst kl. 14⁰⁰

Formaður félagsins Árni Bergur Eiríksson setti fundinn og skipaði Hrein Sumarliðason fundarstjóra og Sigurð Guðjónsson ritara

Fundarstjóri úrskurðaði fundinn löglegan þar sem löglega væri til hans boðað.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið

1. Skýrsla stjórnar, sem Árni formaður flutti

Eigendur söluturna standa frammi fyrir nokkuð breyttum aðstæðum nú, en verið hafa. Opnunartími verslana hefur breyst mikið og samkeppni hefur harðnað til muna. Er mönnum því nauðsynlegt að huga að viðbrögðum við þessum nýju aðstæðum til þess að vernda fjárfestingar sínar og eignir.

Engum blöðum er um það að fletta að söluturnar hafa mjög stóran hlut í versluninni í Reykjavík, en vandinn hefur verið sá öðrum þræði, að venjulega er um að ræða marga en smáa rekstraraðila, sem skortir alla samstöðu. Er því mjög brínt að efla félagsskapinn.

Þeir sem eru í söluturnarekstri kaupa inn meira og minna sömu vöruna, en njóta oft ekki bestu kjara, vegna smæðarinnar. Þarf því nauðsynlega að huga að því hvernig menn geta lækkað hlutfall innkaupanna í veltunni til að standast samkeppnina, sem fer sífellt harðnandi. Hjóta menn þá að staldra við hugmyndina um sameiginleg innkaup og verður þá hugsanlega raunhæft að setja upp svokallaðann **centrallager**, sem rekinn yrði með lágmarksálagningu, en stundaði magninnkaup fyrir félagsmenn, sem nytu þá bestu kjara fyrir bragðið.

Verkefni næstu stjórnar hlýtur því að vera að kanna þessi mál til hlýtar og kanna jafnframt áhuga félagsmanna og annarra sem eru í svipuðum rekstri til að ganga til liðs við okkur í þessu verkefni, auk þess sem sinna þarf öðrum hagsmunamálum félagsmanna.

Haldnir hafa verið nokkrir óformlegir fundir með starfsfólki samtakanna og öðrum sem ekki eru í félaginu, í því skyni að efla og styrkja félagið til stærri átaka og hefur þar hugmyndin um sameiginleg innkaup borið á góma.

Haldnir hafa verið fundir í svokallaðri útbreyðslunefnd félagsins þar sem mættu nokkrir stærstu og öflugustu söluturnaeigendurnir í bænum. Þar var kosin nefnd til að annast viðræður við Vífilfell hf. m.a til að kanna hvenig á því stendur að stórmarkaðir seldu 2 lítra kók undir framleiðsluverði. Niðurstaðan var sú að forustumenn Vífilfells sögðu að bæði í Bandaríkjunum og Evrópu notuðu kaupmenn vörur þeirra sem agn til að fá viðskiptamenn inn í verslanir sínar og héldu því fram að slíkt tíðkaðist hér þannig að útsöluverð stórmarkaða væri nokkrum krónum lægra til viðskiptamanna þeirra, heldur en útsöluverð Vífilfells væri. Einnig kom fram að einungis væri 13.- kr. munur á hæsta og lægsta verði sem Vífilfell byði viðskiptamönnum sínum á 2 lítra kók. Bentu Vífilfells menn og á að smásöluverð á 2 lítra kóki væri mjög misjafnt - allt að 250.- kr., þegar þeirra lægsta verð væri 131.- kr.

Niðurstaðan af fundinum með Vífilfellsmönnum var su að menn vildu hittast aftur, en áður en af því verður þurfum við að efla samstöðuna og samræma aðgerðir.Miðað við þessar viðræður og viðræður við aðra, sem selja okkur vöru og þjónustu gefur þetta von um að hægt sé að ná árangri.

Af þessu er ljóst að vettvangur félagsins hefur aldrei verið víðtækari og nauðsynin aldrei verið brínni að vinna að hagsmunamálum félagsmanna.

Hvet ég því menn eindregið til þess að tjá sig um þessi mál á þessum fundi.

ÁRNI BERGUR

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að flutningi skýrslunnar loknum var orðið gefið laust til umræðu.

Til máls tóku Erna Arnardóttir og Anna G. Valdimarsdóttir
Spurt var m.a. um útbreiðslu-nefnd og sameiginleg innkaup
Skýrslan var samþykkt án athugasemda.

2. Kosningar
Formaður til eins árs Árni Bergur Eiríksson

Meðstjórnendur til 2ja ára voru kosnir Sveinbjörn Kristjánsson og Andrés Guðlaugsson en með þeim sitja og í aðalstjórn þeir Sigurður Guðjónsson og Kolbrún Sævarsdóttir bæði kosin 1991 – 1993.

Í varastjórn voru kosin Daníel Sigurðsson og Erna Arnardóttir % Sulken Lóki.

Aðalfulltrúi í fulltrúaráð Kí var kosinn Sigurður Guðjónsson og

varafulltrúi: Kolbrún Sævarsdóttir

Endurskoðandi: Anna G. Valdemarsdóttir

3. Önnur mál: Allir tóku þátt í umræðunum. Kom m.a. að rétt væri að



bíða enn um sinn með að oskja sameiningar við F.M.R. og sjá fyrst hvaða árangur næðist í því átaki sem væri í gangi innan hjá félaginu.
Daníel taldi þó vonbjörn með árangur í samstilltu átaki bæði sölu-turna og matvörubúða.
Menn voru ánægðir með fundar-sókn aðalfundarins. Höfðu áhyggjur af vaxandi vöruframboði hjá bensínstöðvum sem auk þess fengju forgang hjá borgar-yfirvöldum varðandi skipulag bæði stað-setningar og aðkomu möguleika – síðan breyttust þessar bensínstöðvar í alm. verslun.
Rætt var um viðhorf heilbrigðisyfir-valda til sölu á neysluvarningi á bensín-stöðvum, einnig um coke málin og Guðni útskýrði fyrir fundarmönnum hvaða hag þeir hefðu af því að vera í Kí.
Að lokum valdi fundarstjóri athygli á áletrun fundarhamarsins en þar stendur „EINING ER AFL" og brýndi menn á því að ef þeir stæðu saman, þá næðu þeir árangri.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.
F/h. Sig. Guðjónssonar. Hreinn Sumarliðason fundarstjóri

Innfært að beiðni Sig. Guðjónssonar og eftir lausblaðabókum hans. H.S.

